



YFIRLÝSING FRÁ HVÍTASUNNUKIRKJUNNI Á NORÐURLÖNDUM

Við stöndum nú mitt í heimsfaraldri sem veldur gífurlegum þrýstingi bæði á einstaklinga og samfélög. Um allan heim hefur fjöldi fólks látist eða liðið miklar þjáningar vegna sjúkdómsins og afleiðinga hans. Sem kirkjuleiðtogar og prestar hvítasunnnumanna viljum við hvetja alla til að sýna þolgæði á þessum tíma og hafa um leið heilbriggt viðhorf gagnvart þeim aðstæðum sem nú ríkja.

Við þurfum að vera andlega vakandi og draga í efa opinberanir, spádóma og samsæriskenningar sem leiða til ótta og einangrunar. Það sem við þörfum nú er kristið fólk sem boðar fagnaðarerindið og hughreystir þá sem eru daprir. Guð er með okkur á tímum kórónuveirunnar. Við setjum traust okkar á hann sem er hinn sami í gær, í dag og um eilífð. Jesús er nálægur, nú og í framtíðinni. Hann er alvitur, við getum treyst honum og við ættum ekki að láta óttann lama okkur.

Sumir þeirra sem tilheyra karismatískum kirkjum og/eða hvítasunnukirkjum þurfa að gæta að því hvaða spádómum eða samsæriskenningum þeir halda á lofti. Það voru engar marktækar spádómsraddir sem sáu þennan faraldur fyrir. Við hvetjum þá spámenn sem nú reyna að hræða fólk með afleiðingum vírussins og vara það við bóluefninu, að gæta orða sinna. Kirkjan og heimurinn þurfa á spámönnum að halda en ekki "YouTube spámönnum" sem þurfa ekki að standa ábyrgir orða sinna gagnvart neinum nema sjálfum sér.

Þess vegna hvetjum við hvítasunnukirkjur á Norðurlöndum til að vera í bæn og byggja ákvarðanir sínar á náungakærleik en ekki á ótta. Það er engin mótsögn í því að gefa sig að bæn um leið og hlustað er á ráðleggingar heilbrigðisyfirvalda. Stjórnmalaleiðtogar eru ekki í baráttu við kirkjuna, þeir eru í baráttu við vírusinn.

Við fimm sem undir þetta ritum höfum því tekið ákvörðun um að þiggja COVID-19 bóluefnið þegar röðin kemur að okkur. Við munum virða varúðarráðstafanir eins lengi og þörf krefur, við munum biðja og vera vakandi í köllun okkar og þjóna Guði með því að bera umhyggju fyrir náunganum.

11. febrúar 2021

Daniel Alm, Svíþjóð
Öystein Gjerme, Noregi
Aron Hinriksson, Íslandi
Dan Sörensen Jacobi, Danmörku
Mika Yrjola, Finnlandi